

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Söngmenntasjóð Marinós Péturssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Marinó Péturssyni sem leggur honum til eignir sínar eftir sinn dag, sbr. arfleiðsluskrá dags. 20. apríl 1982, að fjárhæð um 15 milljónir króna, sem mynda stofnfé sjóðsins.

Til viðbótar framlagi Marinós Péturssonar er gert ráð fyrir framlögum í sjóðinn frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum, sem á sama hátt vildu styrkja unga söngvara til náms.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir. Framlög skv. 2. mgr. 1. gr. leggjast við stofnfé. Kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita ungum íslenskum söngvurum styrki til framhaldssöngnáms erlendis.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Íslensku Óperunnar. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Íslensku Óperunnar ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðendum Íslensku Óperunnar. Sjóðinn skal ávaxta í verðtrygðum skuldabréfum eða á annan jafn arðbæran og tryggan hátt. Aldrei má veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann og stofnféð skal ávallt haldast óskert.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Íslensku Óperunni, öðrum tilnefndum af Söngvaradeild Félags íslenskra leikara og þriðja tilnefndum af Marinó Péturssyni, sjá arfleiðsluskrá. Sá er Marinó tilnefnið skal á fyrsta fundi sjóðsins tilnefna tvo menn, aðalmann og varamann, er taka skuli sæti hans í stjórninni að honum frágengnum, þannig að jafnan sé einn ættmenna Marinós í stjórn sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal skipuð til fimm ára í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja. Skal við það miðað að styrkþegi sé á aldrinum 20 til 35 ára og að styrkur sé bundinn við nám erlendis í þrjá mánuði eða lengur. Heimilt er að sækja um styrki úr sjóðnum.

Styrkveiting er þó ekki bundin við þær umsóknir sem berast kunna á hverjum tíma.

7. gr.

Styrkveiting fer fram 21. febrúar á afmælisdegi stofnanda sjóðsins. Úr sjóðnum má veita hverju sinni $\frac{3}{4}$ hluta tekna hans frá síðustu úthlutun. Tekjuafgang skal leggja við stofnfé hverju sinni.

8. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Íslensku Óperunnar og með samþykki sjóðsstjórnar. Þó má aldrei breyta nafni og höfuðtilgangi svo og 1. og 4. gr. efnislega.

9. gr.

Fari svo að Íslenska Óperan verði lögð niður, hætti störfum af einhverjum ástæðum eða sameinist öðru félagi eða annarri stofnun, skal sjóðurinn ætíð fylgja Íslensku Óperunni eins og

við verður komið. Verði fullkomin óvissa um vörslu sjóðsins sker menntamálaráðherra úr um hvað um hann verður.

Verði sjóðurinn af einhverjum ástæðum lagður niður skulu eignir hans varðveittar á vegum menntamálaráðherra uns komið hefur verið á fót nýjum sambærilegum eða svipuðum sjóði, en þá má verja eignum hans til styrktar hinum nýja sjóði.

10. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Siglufjarðarkaupstað:

1. Norðurtún–Hafnartún.
Biðskylda á Hafnartún.
2. Suðurtangi–Norðurtangi.
Biðskylda á báðar þessar götur, við gatnamót Snorragötu.
3. Túngata–Kamsvegur.
Fellt verði niður bann við innakstri á Túngötu frá Kamsvegi.
4. Gránugata.
Fellt verði niður bann við lagningu ökutækja við suðurbrún Gránugötu.
5. Snorragata–Langeyrarvegur.
50 km hámarkshraði verði frá slökkvistöð að norðan og suður að endamörkum Langeyrarvegar. Snorragata og Langeyrarvegur verði jafnframt gerðar að aðalbraut.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað, 23. janúar 1992.

Erlingur Óskarsson.